



Varðar: Umsókn um framkvæmdaleyfi: Mógið, Esjuhlíðar.

Lögð fram umsókn Skógræktarfélags Reykjavíkur, dags. 19. júní 2024, um framkvæmdaleyfi vegna lagfæringar á brú og gönguleið í Esjuhlíðum. Einnig er lögð fram greinargerð Skógræktarfélags Reykjavíkur og Eflu vegna umsóknar framkvæmdasjóðs ferðamannastaða október 2023.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags Mógiðsárs og Kollafjarðar.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskylt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem um er að ræða enduruppbryggingu stíga (gönguleiðar) og lagfæringu brúar (göngubrúar) í dreifþýli.

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á skilgreindu óbyggðu svæði Esju (ÓB7) en þar segir í skilmálum: „Á óbyggðum svæðum er almennt ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð en svæðin eru einkum ætluð til almennrar útvistar. Óbyggð svæði má gera aðgengileg með gönguslóðum.“

Deiliskipulag/Hverfisskipulag

Í gildi er deiliskipulag Mógið og Kollafjarðar, samp. í borgarráði 10.05.1994 m.s.br. Á deiliskipulagsuppdrátti er gönguleiðin merkt sem megin gönguleið (göngustígur á þverfellshorn). Í greinargerð segir um megin gönguleið: „Núverandi göngustígur á þverfellshorn er aðal gönguleiðin á svæðinu og liggur í gegnum öll fyrnefnd hæðarbelti og upp að útsýnisskífu á

Þverfellshorni í um 720 m y.s. Unnið hefur hefur verið að endurbótum að stígunum á undanförnum árum en ætlunin er að stígurinn sé byggður upp sem vönduð gönguleið fyrir allan almenning.“

Lýsing á framkvæmd

Núverandi brú á Mógilsá upp í fjallinu þar sem leiðir skiptast til vesturs um Einarasmýri og til austurs yfir Mógilsá og um Grensöxl að Steini er mjög illa farin. Brúin er um 30 ára gömul, handrið hennar er illa farið af fúa og lifir ekki mikil lengur. Samhliða þessu verkefni er ætlunin að laga um 1,1 km af gönguleiðinni frá brú og að næsta vaði við á Mógilsá. Þar var lagður stígur fyrir 20-30 árum sem nú er orðinn mjög stórgryttur og erfiður. Aðgengi til þjónustu og fyrir sjúkraflutninga og björgunarsveitir er einnig erfitt á þessu svæði, eins og staðan er núna er nær ómögulegt að koma sexhjóli að þessum hluta leiðarinnar, sem er forsenda þess að slökkviliðið geti sinnt ferðafólki á svæðinu án þess að vera háð að komu björgunarsveita.

Burðarbitar brúarinnar eru nothæfir en skipta þarf um alla yfirbyggingu hennar. Samhliða því væri mjög æskilegt að breikka brúna um 15-20 cm þannig að sexhjól slökkviliðsins komist þar yfir. Aðkoma að svæðinu yrði um gamla vinnuleið sem liggur frá jeppaslöðinni austar í fjallinu. Skammt neðan við brúnna er Mógilsárfoss í litlu gljúfri sem er engu að síður tilkomumikið. Þar er tilvalið að bæta við útsýnisstað í framtíðinni. Nánast við brúnna var í kringum aldamótin 1900 stundað kalknám til sementsgerðar. Þar fannst einnig gull sem var tilefni blaðaskrifa og umfjöllunar í kringum 1930. Staðurinn hentar sem náttúrulegur áfangastaður þar sem saman koma gatnamót, útsýnisstaður og merkur sögustaður.

Umsögn og niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd í samræmi við meðfylgjandi gögn.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og gildandi deiliskipulag Mógilsár og Kollafjarðar.

Virða skal allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er. Einig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt.

Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum, sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki. Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdatími: Áætlað er að hefja framkvæmdir síðla sumars 2024 og ljúka þeim eigi síðar en haustið 2024.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til þriggja mánaða frá útgefnum degi í samræmi við framkvæmdaáætlun, þ.e. frá síðsumri 2024 og fram á haust/vetrarmánuði 2024. Verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. framkvæmdir tefjast að verulegu leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Forðast skal eins og mögulegt er að mengun frá framkvæmdasvæði í nærliggjandi læki eða ár.
- Ganga skal frá framkvæmdastað sem næst því ástandi sem var fyrir framkvæmdir.
- Ganga skal frá jarðvegssárum þannig að gróður þeirra verði sem líkastur því sem var fyrir framkvæmdir, ýmis með fræsaningu eða með því að tyrra yfir jarðvegssár.
- Mikilvægt er að framkvæmdaaðili, verktakar og starfsmenn séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka

umhverfisáhrif bæði í tíma og rúmi. Gera skal verkáætlun um viðbrögð ef upp koma atvik eða óhöpp sem ógna geti lífríkinu (t.d. olíuleki). Frávik skulu skráð.

- Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.
- Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.
-

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.